

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.03.2019

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar mánudaginn 4. mars 2019 í Skagabúð kl. 14:30.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Karen Helga R. Steinsdóttir.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1.Bréf

- a) Bréf frá hestamannafélaginu Snarfara
- b) Bréf frá Krabbameinsfélagi Austur-Húnavatnssýslu
- c) Bréf frá Íbúðalánasjóði varðandi húsnæðisáætlun Skagabyggðar,
- d) Bréf frá Lögreglunni varðandi almannavarnarnefnd Húnavatnssýslu
- e) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi Áfangastaáætlanir
- f) Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands varðandi notendaráð fatlaðs fólks
- g) Bréf frá Umhverfisstofnun um tilnefningu fulltrúa Skagabyggðar í vatnasvæðanefnd
- h) Bréf frá félags- og barnamálaráðherra varðandi vinnu við stefnumótun í málefnum barna

2. Fundargerðir:

- a) Byggðasamlags um skóla og félagsþjónustu frá 28. janúar 2019.
- b) Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál frá 9. nóvember 2018, 20. nóvember 2018 og 17. desember 2018
- c) Sameiningarnefndar frá 4. febrúar 2019.

3.Kjarasamningsumboð til handa Sambands íslenskra sveitarfélaga

4. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018

5. Bókhaldsmál

6. Stekkjavík - drög að tillögu að matsáætlun til kynningar

7. Ferð SSNV til Borgundarhólms

8. Fjarskiptafélag Skagabyggð ehf.

9. Önnur mál

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.03.2019

1. Bréf:

a) Bréf frá hestamannafélaginu Snarfara

Undir þessum lið kom Þröstur Líndal á fundinn. Uppi eru hugmyndir um byggingu reiðskemmu á Skagaströnd og óskar hestamannafélagið Snarfari eftir stuðningi sveitafélagsins. Sveitastjórn Skagabyggðar tekur jákvætt í erindið og sveitastjórn er tilbúin að skoða aðkomu sveitafélagsins þegar nánari gögn liggja fyrir um bygginguna og kostnað. Oddvita falið að svara erindinu.

b) Bréf frá Krabbameinsfélagi Austur-Húnavatnssýslu.

Óskað er eftir styrk vegna 50 ára afmælisfagnaðar 3. mars sl. Ákveðið að styrkja félagið um 50.000 krónur.

c) Bréf frá Íbúðalánasjóði varðandi húsnæðisáætlun Skagabyggðar.

Fyrir liggur að sveitafélagið þarf að gera húsnæðisáætlun samkvæmt reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitafélaga. Ákveðið að hafa samband við Lausnamið ehf. á Skagaströnd við vinnslu áætlunarinnar.

d) Bréf frá Lögreglunni varðandi almannavarnarnefnd Húnavatnssýslna.

Bréfið lagt fram til kynningar.

e) Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu varðandi Áfangastaáætlanir.

Bréfið lagt fram til kynningar

f) Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands varðandi notendaráð fatlaðs fólks.

Bréfið lagt fram til kynningar og Oddvita falið að svara.

g) Bréf frá Umhverfisstofnun um tilnefningu fulltrúa Skagabyggðar í vatnasvæðanefnd.

Óskað er eftir að Skagabyggð tilnefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd og mun Karen Helga R. Steinsdóttir taka sæti í henni.

h) Bréf frá félags- og barnamálaráðherra varðandi vinnu við stefnumótun í málefnum barna.

Bréfið lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir:

a) Byggðasamlags um skóla og félagsþjónustu frá 28. janúar 2019.

Lögð fram til kynningar.

b) Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál frá 9. nóvember 2018, 20. nóvember 2018 og 17. desember 2018

Lagðar fram til kynningar

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.03.2019

c) Sameiningarnefndar frá 4. febrúar 2019.

Lögð fram til kynningar.

3. Kjarasamningsumboð til handa Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sveitarfélagið Skagabyggð veitir Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullt umboð til kjarasamningsgerða. Oddvita falið að undirrita kjarasamningsumboð.

4. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018

Lögð fram til kynningar.

5. Bókhaldsmál

Bókhald frá áramótum verður fært hjá Lausnamiðum ehf. á Skagaströnd. Uppgjör fyrir 2018 er unnið af KPMG.

6. Stekkjavík - drög að tillögu að matsáætlun til kynningar

Gögn lögð fram til kynningar, efnið er komið á heimasíðu Skagabyggðar. Oddvita falið að senda inn athugasemd.

7. Ferð SSNV til Borgundarhólms

Fyrirhuguð er ferð 25.-27. mars n.k. til Borgundarhólms á vegum SSNV. Fyrir Skagabyggð fara Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson. Heildarkostnaður á mann er 99.900 kr. og mun SSNV greiða helming kostnaðar og sveitafélagið Skagabyggð hinn helminginn ásamt kostnaði við gistingu.

8. Fjarskiptafélag Skagabyggð ehf.

Prókúruumboð undirritað.

9. Önnur mál

-Jón Árnason

Lögð fram drög að afmælis dagskrá í tengslum við 200 ára fæðingarafmæli Jóns Árnasonar í ágúst næstkomandi.

-Gögn frá Skipulags- og byggingarnefnd.

Erindi frá Rafni Sigurbjörnssyni lagt fram til kynningar.

-Ljósastaurar í Skagabyggð

Umræður um kostnað og uppsetningu á ljósastaurum í sveitafélaginu.

-Ruslatunnur við Skagabúð

Rætt um leiðir til að hemja ruslatunnurnar. Oddvita falið að panta tunnuskýli.

-Fjallskil í landi Skagastrandar

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 04.03.2019

Umræður um samning um smölun á landi sveitafélagsins Skagastrandar. Ákveðið að óska eftir fundi með sveitastjóra Skagastrandar.

-Ljósleiðaravæðing

Ákveðið að senda umsókn til Ísland ljóstengt sjóðsins vegna fyrirhugaðrar lagningu ljósleiðara í Þverá.

-Taxti fyrir skólaakstur

Umræður um skólaaksturstaxta og að hann verði í takt við taxta hjá öðrum sveitarfélögum með skólaakstur. Oddviti ætlar að afla upplýsinga. Magnús Guðmannsson vék af fundi undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 17:51

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Karen Helga R. Steinsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson